



■ Pia Raker Sveinsdóttir: „Þó að glerið sé hart, hefur það til að bera mjúka, næstum ósýnilega hrynjandi, sem kallar á mann. Gegnsæi þess, svo og ljósbrotið í því skipta mig mestu.“



■ Lísbet Sveinsdóttir: „Gler heillar mig fyrir það hve tært það er.“



■ G

„Möguleikar glers eru óþrjótandi“

■ Nú um helgina gefur að líta nýstárlega myndlistarsýningu að Kjarvalsstöðum í Reykjavík.

Listamennirnir níu sem að sýningunni standa eiga það allir sammerkt að nota gler í verk sín og mun þetta vera í fyrsta skipti sem hópur íslenskra glerlistamanna kemur fram saman með slíka sýningu.

Fyrir utan það að vera úr gleri eru verkin mjög ólík hvert öðru og spegla því mismunandi vinnubrögð og aðferðir höfunda sinna og smíða. Í sýningarskrá eiga listamennirnir hver fyrir sig stuttan orðastað við Aðalstein Ingólfsson, listfræðing, þar sem þeir lýsa meðal annars þeim eiginleikum glersins sem höfða hvað mest til þeirra hvers og eins.

Þar segir til dæmis einn listamannanna, Pia Raker Sveinsdóttir:



„Gler höfðar til min vegna tvíeðlis síns. Annars vegar er það fljótandi og heitt, hins vegar hart og kalt. En þó það sé hart, hefur það til að bera mjúka, næstum ósýnilega hrynjandi sem kallar á mann. Mig langar til að láta ljósið leika í glerinu, eins og sólin gerir á vatnsfleti.“

Leifur Breiðfjörð, annar tveggja karla í hópnum, hefur þetta að segja um það efni sem hann vinnur mest í: „Möguleikar glers eru óþrjótandi. Því lengur sem ég nota það, því betur sé ég hve óendanlega margt má gera við það.“

Þriðji listamaðurinn Sören S. Larsen hefur þetta að segja um vinnu sína með gler: „Glerlistin spannar breitt svið, allt frá formsköpun nýttjahluta til stærri verkefna á sviði skreytilista og skúlptúrs. Trúnaðurinn við handverkið er mér mikilvægur, ekki síður en trúnaðurinn við lifið og náttúruna. Þaðan hef ég innblásturinn.“

Verkin á sýningunni eru æði ólík eins og áður segir og bera það með sér að listamennirnir koma hver úr sinni átt en þeir hafa sótt reynslu og lærdóm í glersmiðjur í Bandaríkjunum, Ítalíu, Þýskalandi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi svo eitthvað sé nefnt.

En orð og setningar eru allt aðrar nálganir en myndir og því fengum við leyfi til að birta nokkur sýnishorn af því sem gefur að líta á þessari sýningu sem aðstandendurnir nefna Gler brot '85.



■ Kunito Nagaoka

Þessar sérkennilegu myndir eru gerðar af einum af kennum Myndlista- og handíðaskóla Íslands en sá er ætadur frá Japan og ber nafnið Kunito Nagaoka. Þær eru hluti sýningar sem Nagaoka opnar nú um helgina í Gallerí Langbrók og eru unnar með svokallaðri litætingu. Höfundurinn sem stundaði nám bæði í Tókýó og Vestur-Berlín er staddur hér á landi í annað sinn til að kenna hér tækni sína í grafík, en hann hefur unnið til fjölda verðlauna víða um heim fyrir verk sín. Hann á að baki ekki færri en tólf einkasýningar auk þess sem hann hefur tekið þátt í að minnsta kosti 10 samsýningum í Evrópu.

Myndirnar sem Nagaoka sýnir að þessu sinni líkjast margar hverjar ljósmyndum sem teknar eru úr lofti og eru unnar með litætingu eins og áður segir.